# Re: FW: Leyfi til veiða á ritu - tilvísun í nr. 202302-0050.

| | |
|---|---|
| Búið til | 4.3.2024 09:46:35 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 4.3.2024 09:46:32 |
| Tilheyrir | 202402-0091 - Leyfi til veiða á ritu |

---

## Efni

Re: FW: Leyfi til veiða á ritu - tilvísun í nr. 202302-0050.

## Upplýsingar / Vinnsla

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sent | 4.3.2024 09:46:32 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | steinar.kaldal@urn.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

## Innihald

Komdu sæll,

Tilvísun í mál nr. 202402-0091.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að leyfi frá 2023 um að veiða allt að 20 ritur á varptíma í Flatey á Breiðafirði sé framlengt út árið 2024. Leyfið er veitt í rannsóknarskyni og um gagnlega rannsókn er að ræða að mati Náttúrufræðistofnunar. Rita er metin á válista Náttúrufræðistofnunar frá 2018 sem tegund í nokkurri hættu og því jákvætt að ekki er um meiri fjölda fugla að ræða og að þeir séu veiddir úr frekar stórri ritubyggð við Flatey. Ekki heppnaðist að veiða fuglana 2023 og því eðlilegt að gerð sé önnur atlaga að þvi í sumar.

Bent er á að Náttúrufræðistofnun veitir leyfi fyrir útflutningi og nauðsynlegt er að sækja um til stofnunarinnar fyrir útflutningsleyfinu og fá það afhent áður en sýnin eru send út.

Með kveðju,


Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
.......................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** Steinar Kaldal <steinar.kaldal@urn.is>
**Sent:** Thursday, February 29, 2024 10:39 AM
**To:** Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
**Subject:** Leyfi til veiða á ritju - tilvísun í nr. 202302-0050.

Sæll Snorri.

URN var að berast nýtt erindi um undanþágu frá lögum nr. 64/1994 um ernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum til þess að veiða 20 fullorðnar ritur í Breiðafirði í þeim tilgangi að kanna plastmengun í þeim.

Sjá hér erindið:

*Endurnýjun leyfis til að veiða ritur og flytja til Kanada*

*Fengum leyfi ráðuneytisins árið 2023 til að veiða allt að 20 ritur á varptíma og eftir atvikum egg og unga þeirra í Hafnarey við Flatey á Breiðafirði (tilv.: UMH23010082/5.10.3).*

*Veiðarnar beindust að fuglum sem voru búnir að fá merki og ljósrita árið áður. Veiðarnar voru háðar því að hægt væri að veiða fuglana á hreiðri. Hins vegar var varp einstaklega lélegt sumarið 2023 og því náðust engir af merktu fuglunum.*

*Rannsóknin er til að kanna örplastsmengun í fuglunum og er hún hluti af doktorsnámi Juliu Baak í Kanada. Unnið verður úr sýnum í Kanada. Nánari lýsing á verkefninu er að finna í viðhengi.*

*Hér með er óskað eftir framlengingu leyfisins fyrir árið 2024. Reiknað er með að hefja veiðarnar í byrjun júní og halda áfram ef ástæða er til í seinni hluta júlí.*

*Virðingarfyllst,*

*Ævar Petersen, fuglafræðingur*

Náttúrufræðistofnun veitti jákvæða umsögn vegna fyrri óskar (sjá tilvísun í það mál í efnisheiti t-pósts).

Í samræmi við ofangreind lög óskar ráðuneytið aftur eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Bkv. Steinar

**Steinar Kaldal, sérfræðingur og teymisstjóri náttúru- og minjaverndar / Head of Division and Team Leader for Nature Conservation & Cultural Heritage**
Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar / Department of Strategic Planning and Implementation
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið / Ministry of the Environment, Energy and Climate
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8600
www.umhverfisraduneyti.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.umhverfisraduneyti.is%2F&data=05%7C02%7CHanna.Magnusdottir%40ni.is%7C952718bdf6c64070c02008dc3918fd85%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638448026691395669%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=g8qraDN2gyLnzY2hi0kBNLQA53AcHzc7C%2BC4Wg7NZhs%3D&reserved=0) -
Fyrirvari/Disclaimer (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7CHanna.Magnusdottir%40ni.is%7C952718bdf6c64070c02008dc3918fd85%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638448026691408375%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=OkNUevO%2FhB9X7Dbi%2B%2BFWV1vZOjnySGlw1yiWtfT%2FigQ%3D&reserved=0)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing